

Húftrygging fiskiskipa minni en 100,49 brl.

Skilmáli nr. 410

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur:

Tiltekna upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

| | | |
|---------|--|---|
| 2.gr. | Munir, sem vátryggingin nær til | 3 |
| 3.gr. | Vátryggingarverð | 3 |
| 4.gr. | Vátryggingartímabil – Réttur til uppsagnar | 3 |
| 5.gr. | Siglingasvæði | 4 |
| 6.gr. | Það sem félagið bætir | 4 |
| 7.gr. | Það, sem félagið bætir (skaðabótakrafa þriðja aðila) | 5 |
| 8.gr. | Skip sama eiganda | 5 |
| 9.gr. | Undanskildar áhættur | 5 |
| 10.gr. | Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar | 6 |
| 11.gr. | Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns o.fl. | 6 |
| 12.gr. | Aukin áhætta | 6 |
| 13.gr. | Varúðarreglur | 6 |
| 14.gr. | Gáleysi og ásetningur | 6 |
| 15.gr. | Tjónsfrádráttur | 7 |
| 16.gr. | Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila | 7 |
| 17.gr. | Fjárhæð vátryggingarbóta | 7 |
| 18. gr. | Viðgerð | 7 |
| 19.gr. | Samráð um viðgerð | 7 |
| 20.gr. | Algert tjón | 7 |
| 21.gr. | Krafa um bætur fyrir algert tjón | 8 |
| 22.gr. | Réttur til leifa vátryggðra hluta | 8 |
| 23.gr. | Endurkröfuréttur | 8 |
| 24.gr. | Greiðsluskylda félagsins | 8 |
| 25.gr. | Tímafrestrir - Fyrning | 8 |
| 26.gr. | Almennt um iðgjaldið | 8 |
| 27.gr. | Endurgreiðsla iðgjalds | 9 |
| 28.gr. | Eigandaskipti | 9 |
| 29.gr. | Réttur veðhafa gagnvart félaginu - Tilkynning um veðsetningu | 9 |
| 30.gr. | Reglur um samsömun | 9 |
| 31.gr. | Ágreiningur | 9 |
| 32.gr. | Heimili og varnarþing | 9 |

2.gr. Munir, sem vátryggingin nær til

- 2.1 Vátryggingin tekur til skips þess, sem greint er í skírteininu, fylgifjár þess, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til skips og fylgifjár teljast m.a. vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skráfur, ásamt öxlum og gírum, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, loftskeyta- og kalltæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í skipinu.
- 2.2 Undir vátrygginguna falla ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, namar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri.

3.gr. Vátryggingarverð

- 3.1 Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Ef fyrir liggur sundurliðað fjárhæðamat er verð hvers einstaks liðar í fjárhæðamatinu bindandi með sama hætti.
- 3.2 Gildandi vátryggingarverð kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Tjón bætast í samræmi við það vátryggingarverð sem í gildi er á tjónsdegi.
- 3.3 Ákvörðun um vátryggingarverð má víkja til hliðar skv. kröfu félagsins ef vátryggingartaki hefur gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem höfðu þýðingu fyrir verðákvörðunina, sbr. 36.gr. laga nr. 30/2004.
- 3.4 Til viðbótar húftryggingunni er vátryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kann að bíða við það, að skipið ferst. Vátryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/5 hluti af vátryggingarverði húftryggingarinnar.

4.gr. Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar

Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
3. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
5. Ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurbyggja áhættuna.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og vátryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5.gr. Siglingasvæði

Vátryggingin gildir á meðan skip er í fiskveiðilandhelgi Íslands og á siglingu þess til og frá höfnum í Evrópu.

6.gr. Það sem félagið bætir

Félagið bætir tjón (skemmdir á skipinu o.fl.) og kostnað eins og hér segir:

- 6.1 Algert tjón, sbr. 20. gr.
- 6.2 Skemmdir á skipinu af völdum þess að það sekkur eða því hvolfir, storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, snjóflóðs, aurskriðu, elds, sprengingar, eldingar, strands, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, áreksturs á annan fastan eða fljótandi hlut, með þeim takmörkunum, sem ákveðnar eru í skilmálum þessum. Um skemmdir á vélum skipsins gilda sérstakar reglur, sbr. gr. 6.3 hér á eftir.
- 6.3 Skemmdir á aðalvél skipsins, ef eftirtaldir aðalhlutar hennar eyðileggjast af öðrum ástæðum en greinir í gr. 6.2: Vélarblokk, stimplar, slífar, strokklok, kambás ásamt legum, tannhjól og ásar, forþjappa, sveifarás, sveifaráslegur og botnskál. Bætur miðast eingöngu við verð á nýjum vélarhlutum, en annar kostnaður greiðist ekki, t.d. vinna eða slippkostnaður. Bætur lækka um 5% fyrir hvert ár frá smíði vélarinnar í allt að 12 ár, en tjónsfrádrætti skv. 15. gr. skal ekki beitt.
- 6.4 Tjón sem stafar af innbroti eða skemmdarverkum. Skilyrði er að siglingatæki fjarskiptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður sé tekinn úr bátnum þegar hann er uppi á landi eða í höfn til lengri tíma.

- 6.5 Kostnað við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga svo og kostnað við ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. 38.gr. laga nr. 30/2004.
- 6.6 Þátttöku í sameiginlegu sjótjóni, eins og slík þátttaka er ákveðin í York/Antwerpen reglunum frá 1994. Félagið greiðir framlag það til sjótjónsbóta sem kemur í hlut vátryggingartaka að greiða skv. niðurfjöfnun tjónsins.
- 6.7. Kostnað við förgun muna vegna bótaskyldrar viðgerðar.

7.gr. Það, sem félagið bætir (skaðabótakrafa þriðja aðila)

- 7.1 Tjón sem skipið veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og vátryggingartaki ábyrgur að lögum.
- 7.2 Kostnaður við að fjarlægja flak skipsins og kostnaður við að komast hjá slíkum bótakröfum.
- 7.3 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 7.1 og 7.2 vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
- 7.4 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til. Vextir greiðast ekki af hærri fjárhæð en þeirri sem greidd er skv. hámarki gr. 7.3.

8.gr. Skip sama eiganda

- 8.1 Nú rekst vátryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 8.2 Þegar svo stendur á, geta vátryggður og félagið falið einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð.

9.gr. Undanskildar áhættur

Félagið bætir ekki:

- 9.1 Skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanni. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem skipið flytur.
- 9.2 Skemmdir á þeim hlutum skipsins, sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
- 9.3 Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón, sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga, sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.
- 9.4 Tjón er stafar af því að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið.
- 9.5 Tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- 9.6 Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð, að því marki, sem útgerðarmaður hefði sjálfur orðið að greiða fyrir eigin reikning, vegna útgerðarinnar, viðhalds og viðgerðar, þótt hin bótaskylda viðgerð hefði ekki farið fram samtímis.
- 9.7 Aukakostnað vegna nætur- og helgidagavinnu.
- 9.8 Kostnað við að hreinsa og mála botn skipsins.
- 9.9 Óbeint tjón vátryggðs, svo sem aflatjón og kostnað vátryggðs af töfum. Sama á við um kostnað vegna mannhalds, hafnargjalda og eldsneytisnotkunar meðan á viðgerð stendur.
- 9.10 Sektir og refsiviðurlög.

- 9.11 Tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

10.gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 10.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 10.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 10.3 Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 4. gr. skilmála þessara.

11.gr. Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns o.fl.

- 11.1 Þegar tjón er orðið, skal vátryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir, ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má, að vátryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.
- 11.2 Er vátryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Einnig ber vátryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni.
- 11.3 Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 11.4 Viðurkenning á bótaskyldu eða samningar um bótakröfur að hálfu vátryggðs skuldbinda ekki félagið.

12.gr. Aukin áhætta

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð vátryggðs skips. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

13.gr. Varúðarreglur

- 13.1 Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber vátryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.
- 13.2 Vátryggðum ber að fylgja greindum fyrirmælum eða opinberum fyrirmælum, sem sett eru til að tryggja öryggi skips á sjó eða í lægi.
- 13.3 Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

14.gr. Gáleysi og ásetningur

- 14.1 Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 14.2 Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

15.gr. Tjónsfrádráttur

Bætur vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar, aðrar en fyrir algert tjón, skulu háðar frádrætti eins og hann er ákveðinn í vátryggingarsamningnum.

16.gr. Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila

Ef skaðabótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði, sem vátryggingin nær til, á félagið rétt til að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð. Komi vátryggður í veg fyrir, að félagið geti fjallað um slík mál, og tjón verður hærra af þeim sökum, er félaginu ekki skylt að greiða hækkunina.

17.gr. Fjárhæð vátryggingarbóta

- 17.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi, sbr. gr. 20.2 bætir félagið tjónið með því að greiða vátryggingarverðið.
- 17.2 Skemmdir á skipinu bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað, sem fallið hefur á vátryggðan. Viðgerðarkostnaður er í öllum tilfellum takmarkaður við verð hvers einstaks liðar í fjárhæðamati.
- 17.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins skulu við hvern einstakan vátryggingaratburð ekki vera hærri en vátryggingarverðið nema annað leiði af 30.gr. laga nr. 30/2004.
- 17.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum, vélbúnaði og varahlutum skulu bætur nema frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur hlutarins. Fyrningin er 5% fyrir hvert ár frá smíði véla og tækja í allt að 12 ár.
- 17.5 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á skipinu ef það ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- 17.6 Nú semur félagið við vátryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. 20.2. gr. og skulu þá bæturnar aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði, eins og dómkvaddir menn meta hann eftir ákvæðum skilmálanna.
- 17.7 Nú er gert við skipið þó að skilyrði 20.2. séu fyrir hendi, þá takmarkast greiðsluskylda félagsins við vátryggingarverðið, að viðbættum bótum nema annað leiði af 30.gr. laga nr. 30/2004, ef því er að skipta, en að frádregnum verði leifa skipsins.
- 17.8 Sé skipið selt áður en viðgerð fer fram, gilda reglurnar í 17.6. gr. ef sannað er, að söluverð skipsins lækkaði, sem nam eigi lægri fjárhæð en metnum viðgerðarkostnaði hinna óviðgerðu skemmda.

18. gr. Viðgerð

Vátryggður skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á skipinu, nema félagið fari fram á annað.

19.gr. Samráð um viðgerð

- 19.1 Vátryggðum er skylt að hafa fullt samráð við félagið um, hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum, sem vátryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskylt að greiða kostnaðarauka, er af því leiðir.
- 19.2 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá vátryggingaratburðinum og er félaginu ekki skylt að greiða kostnaðarauka, ef dráttur verður lengri. Sama gildir, ef hið efnislega tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

20.gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón í eftirfarandi tilvikum:

- 20.1 Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.
- 20.2 Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærri fjárhæð en vátryggingarverðinu.

- 20.3 Skipið hverfur úr umráðum vátryggðs og ekki hefur spurst til skipsins í 90 daga.
- 20.4 Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki, eða erlent ríki leggur farbann á skip eða farm þess og það er eigi látið laust innan sex mánaða. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem er bætt úr venjulegri stríðs- og óeirðatryggingu. Ákvæði þetta á heldur ekki við um tjón, sem hlýst af því að skipið er gert upptækt í refsímáli eða kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.

21.gr. Krafa um bætur fyrir algert tjón

Vilji vátryggður krefjast bóta fyrir algert tjón á grundvelli gr. 20.2 skal hann tilkynna félaginu það án ástæðulausrar tafar eftir að skipinu er bjargað og vátryggður hefur haft tækifæri til að skoða skemmdirnar.

22.gr. Réttur til leifa vátryggðra hluta

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón, öðlast það rétt vátryggðs til þess, sem enn kann að vera til af munum, er það hefur bætt.

23.gr. Endurkröfuréttur

- 23.1 Bæti félagið tjón sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur og endurkröfuréttur er fyrir hendi.
- Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.
- 23.2 Ef hinn skaðabótaskyldi hefur annast viðgerð eða breytingar á skipinu og hefur keypt frjálsa (almenna) ábyrgðartryggingu, er tekur til tjónsins, mun félagið ekki beita endurkröfurétti fyrir hærri fjárhæð en kr. 70.000.000.

24.gr. Greiðsluskylda félagsins

Vátryggðum ber að sýna fram á að tjón falli undir vátryggingarsamninginn og ber einnig sönnunarbyrði um umfang tjónsins. Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

25.gr. Tímastrestir - Fyrning

Vátryggingartaki glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
 2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- Krafa vátryggingartaka um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

26.gr. Almennt um iðgjaldið

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

27.gr. Endurgreiðsla iðgjalds

- 27.1 Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi.
- 27.2 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati félagsins, skal að vátryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta iðgjaldsins.
- Félagið endurgreiðir 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur.
- 27.3 Ef bætur fyrir tjón á vátryggingartímabilinu fara fram úr helmingi fjárhæðar ársiðgjalds, fellur endurgreiðsla iðgjalds skv. gr. 27.2 niður fyrir það tímabil. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem nemur minna en helmingi ársiðgjalds, skal endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo, að samanlögð endurgreiðsla og bætur fyrir tjón fari ekki fram úr helmingi ársiðgjalds.
- 27.4 Iðgjald er þó ekki endurgreitt þegar skipið verður fyrir algeru tjóni á vátryggingartímabilinu og félagið hefur greitt bætur vegna altjóns.

28.gr. Eigandaskipti

Ef eigandaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn, fellur vátryggingin úr gildi.

29.gr. Réttur veðhafa gagnvart félaginu - Tilkynning um veðsetningu

Nú eru hinir vátryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá vátryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta þó svo að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.

30.gr. Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

31.gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

32.gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna skirteinis eða skilmála þessara, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015.

[Efst á skjal](#)